

NPK ehf  
Reykási  
845 Flúðum

Reykjavík 25. mars 2019  
UST201810-253/P.V.B.  
11.16

### **Innflutningsleyfi**

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn Magnúsar Á. Ágústssonar, fyrir hönd NPK ehf, þar sem sótt er um leyfi til innflutnings á allt að 20.000.000 ránmítum á ári til 10 ára af tegundinni *Transeius montdorensis* (Verslunarheiti Montdo-Mite), dags. 26. október 2018. Um er að ræða framandi lífveru í skilningi 8. tölul. 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því óheimilt að flytja hana inn án leyfis Umhverfisstofnunar sbr. 63. gr. laganna.

Mítlarnir eru ætlaðir til sölu sem lífrænar varnir í gróðurhúsum og garðplöntustöðvum gegn kögurvængjum (*thysanoptera*) og mjöllús (*Aleyrodidae*). Til stendur að mítlarnir verði seldir í tvønnskonar einingum, annars vegar pokum með 250 mítlum og hins vegar 1 lítra flöskum sem innihalda 50.000 mítlu. Fjöldi sendinga fer eftir pöntunum garðyrkjubænda en ekki verður meira flutt inn en pantað er hverju sinni. Með umsókninni fylgdi áhættumat vegna innflutningsins.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd leitaði Umhverfisstofnun umsagnar hjá sérfræðinganeftndar um framandi lífverur þann 20. desember 2018. Umsögn nefndarinnar barst Umhverfisstofnun þann 5. febrúar 2019. Í umsögninni kemur fram að hverfandi líkur séu á því að ránmítlategundin sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir nái fótfestu við náttúrulegar aðstæður á Íslandi. Náttúruleg heimkynni hennar eru í suðausturhluta Ástralíu. Tegundin hefur náð fótfestu í Suður-Evrópu, en ekki þar fyrir norðan. Hún lifir því við vaxtarskilyrði sem eru önnur en finnast hér á landi og hefur ekki verið flokkuð sem ágeng. Tegundin fer ekki á dvalarstig og mun því ekki geta lifað af veturinn á Íslandi. Niðurstaða nefndarinnar var sú að það sé afar ólíklegt að einhver hætta stafi af ofangreindum innflutningi á ránmítum fyrir íslensk vistkerfi og telur því ekki ástæðu til að leggjast gegn innflutningnum, enda séu önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Ástæða er til að vekja athygli á því að sérfræðinganeftndin telur æskilegt að áhættumat sem fylgja skal umsóknum um innflutningsleyfi framandi lífvera, sbr. 2. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga, sé unnið af óháðum aðila en áhættumat umsækjanda var unnið af framleiðanda vörunnar. Nefndin studdist þar af leiðandi einnig við önnur gögn.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir umsókn umsækjanda, áhættumat og umsögn sérfræðineftndar. Að mati Umhverfisstofnunar eru hverfandi líkur á að tegundin geti þrifist hér á landi ef hún skyldi sleppa út í náttúruna og þar af leiðandi hverfandi líkur á því að innflutningurinn eða dreifingin ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Umhverfisstofnun veitir NPK ehf. hér með leyfi til innflutnings á allt að 20.000.000 ránmítlum af tegundinni *Transeius montdorensis* (Verslunarheiti Montdo-Mite) á ári til 10 ára til notkunar sem lífrænar varnir.

Athygli er vakin á því að jafnframt getur þurft að sækja um innflutningsleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga er leyfið bundið eftirtöldum skilyrðum í því skyni að draga úr hætti á því að innflutningurinn eða dreifingin hafi áhrif á lífríkið.

- NPK ehf. skal fyrir 1. febrúar ár hvert skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með upplýsingum um magn innfluttra mísla árið á undan. Gera skal grein fyrir fjölda eininga eftir stærðum, frá hvaða ræktanda mítlarnir koma og hvert þær voru seldar. Í því skyni að skila slíkri skýrslu skal innflytjandi halda söludagbók sem skal afhenda Umhverfisstofnun sé þess óskað.
- Verði NPK ehf. vart við að tegundin nái hér fótfestu eða að hún ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni skal fyrirtækið tafarlaust tilkynna um það til Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun bendir á að NPK ehf. ber ábyrgð á innflutningi hinnar framandi tegundar og skal í einu og öllu fylgia þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að stofnunin getur afturkallað leyfið ef skilyrðum þess er ekki fullnægt auk þess sem stofnuninni er heimilt ða breyta skilyrðum leyfisins sbr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðstjóri